

## Bleikiklór

### Almenn lýsing

Mjög öflugt sótthreinsiefni sem byggir á natríumhýpóklóríti. Hentar einnig sem bleikiefni fyrir taupvott. Breiðvirkt sótthreinsiefni, vinnur á bakteríum, sveppagróðri, sporum og vírusum.

### Eiginleikar

- Öflugt og breiðvirkt sótthreinsiefni.
- Öflugur oxunarmiðill.
- Mjög góður blettaeyðir sem má nota á hvítan og litfastan bómul, lín, hreinan nylon, orlon, dralon og álíka gerviefni.
- Eyðir ólykt.
- Freyðir ekki.
- Auðskolanlegt.

### Notkunarleiðbeiningar

Venjulegur þvottur: Notið u.þ.b 50 mL af klór í 10 lítra af volgu vatni. Athugið að mjög heitt vatn brýtur niður klórinn. Mælt er með að nota plast-, gler- eða emaleruð ílát, því að klór tærir flesta málma.

Blettahreinsun: Notið 200-300 mL í 10 lítra af volgu vatni. Látið þvottinn liggja í a.m.k 15 mínútur í lausninni. Skolið þvottinn vel á eftir og endurtakið ef nauðsyn ber til.

Hvítun: Til að hvíta þvott sem hefur gulnað eða gránað, skal nota 1L per 10 lítra af volgu vatni. Látið þvottinn liggja í a.m.k 15 mínútur í lausninni. Skolið þvottinn vel á eftir með vatni og endurtakið ef nauðsyn ber til.

Sótthreinsun: Notið a.m.k. 500 mL per 10 lítra af vatni til að sótthreinsa baðherbergi o.þ.h. Fyrir yfirborð sem kann að komast í snertingu við matvæli skal nota einungis 50 mL per 10 lítra af vatni. Lágmarkssnertitími: 5 mín. Skolið yfirborð vel með vatni eftir notkun.

FORÐIST AÐ EFNID KOMIST Í SNERTINGU VIÐ SÝRU, ÞAR SEM EITRAÐ KLÓRGAS MYNDAST!

### Efnislýsing

Natríum metasilíkat og natríum hýpóklóríð.

### Tæknilýsing

Útlit: ljósgulur vökvi.

Eðlismassi: 1,10 g/ml

pH-gildi: >12 óblandað

### Pakkning og vörunúmer

1640011: 5 ltr.

### Meðhöndlun og geymsla

Geymist þar sem börn ná ekki til. Geymist fjarri sólarljósi, sýrum og hitagjafa.

### Varúðarleiðbeiningar

Sjá öryggisblað á tandur.is.

### Framleiðandi

MultiLine

Útg. 15.11.2021